



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. september

2019

R18100342

643

Borgarráð

***Austurhlíð 10, samkomulag við Samtök aldraðra og Háskóla Íslands um jarðveg á lóð Austurhlíðar 1***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag við Samtök aldraðra og Háskóla Íslands um jarðvinnu á lóð Austurhlíðar 1.

***Greinargerð:***

Samtök aldraðra fengu úthlutað lóð í Austurhlíð 10 árið 2018. Þegar framkvæmdir hófust kom í ljós að uppgefin hæðarkvóti á lóðarmörkum Austurhlíðar 10 og Austurhlíðar 1 (lóð HÍ) var ekki rétt. Fjarlægja þarf um 2500 m<sup>3</sup> af umframjarðvegi. Samkomulag er um að aðilar skipti kostnaði jafnt á milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Samtaka aldraðra.. Kostnaðarhlutur Reykjavíkurborgar er áætlaður krónur 2.425.000 sem kemur á móti sölu byggingarréttar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Drög að samkomulagi dags. 29. ágúst 2019.

Reykjavík 29. ágúst 2019

## Háskóli Íslands - Samtök aldraðra og Reykjavíkurborg gera með sér svofellt Samkomulag

### 1. Forsendur

Framkvæmdir Samtaka aldraðra á lóð Austurhlíðar 10 hófust í byrjun árs 2019 það sem framkvæmdir eru komnar vel á veg við byggingu 60 íbúða fyrir félagsmenn samtakanna.

Samkvæmt útgefnu lóðarblaði fyrir Austurhlíð 10 í Reykjavík sem fylgdi lóðarsamningi Samtakanna við Reykjavíkurborg kemur fram að uppgjafinn hæðarkóti á lóðarmörkum Austurhlíðar 10 og Austurhlíðar 1 (lóð HÍ) skuli vera 38.50 metrar.

Við uppmælingu á lóðarmörkum kemur fram að hæðarkótinn er hins vegar nærri 40.00- 40.30. Vegna þessa þarf að fjarlægja um 2500 m<sup>3</sup> af jarðvegi af lóð HÍ.

### 2. Kostnaður - kostnaðarskipting

Með samkomulagi þessu milli Háskóla Íslands – Reykjavíkurborgar og Samtaka aldraðra eru aðilar sammála um að skipta kostnaðinum við jarðvegsflutningana jafnt á milli samningsaðila.

Samkvæmt kostnaðaraáætlun EFLU verkfræðistofu frá 18. júlí 2019 er kostnaður við þessa framkvæmd áætlaður 7.275.000 með vsk. Nýju yfirborði verður skilað grófjöfnuðu og þjöppuðu með 40 sm grúsarlagi.

### 3. Framkvæmd verks

Gert er ráð fyrir að verkið verði unnið á tímabilinu september – október 2019.

Samtök aldraðra munu sjá um verkið og senda HÍ og Reykjavíkurborg reikning að verki loknu.

Staður og dagsetning

---

Fh Reykjavíkurborgar

---

F.h. Háskóla Íslands

---

F.h Samtaka aldraðra